



Reykjavíkurborg
Helena Stefánsdóttir
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 14.5.2025
Málsnúmer: 202503-0036
MH/RTh

Efni: Vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – íbúðaruppbygging í Grafarvogi

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 13. mars 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 vegna áformaðrar íbúðaruppbyggingar á tilteknum svæðum í Grafarvogi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir vinnslutillöguna og telur jákvætt að svæðum til skoðunar í Grafarvogi hafi verið fækkað frá því stofnunin gaf umsögn um verklýsingu á aðalskipulagsbreytingunni í október 2024 og að dregið hafi úr heildarumfangi og fjölda íbúða. Með fækkun svæða fá ákveðnar jarðfræðilegar minjar, sem setja fallegan svip á hverfið og gefa svæðinu gildi, að halda sér. Engar vísbendingar eru um að fyrirhuguð íbúðaruppbygging raski mikilvægum náttúruminjum, stofnum lífvera eða búsvæðum þeirra.

Stofnunin telur að þétting byggðar geti verið af hinu góða ef rétt er að henni staðið, þannig að hún feli ekki í sér skerðingu á lífsgæðum íbúa. Mikilvægt er að viðhalda ákveðnu rými milli bygginga til að tryggja birtu og rými fyrir græn svæði, svo íbúar upplifi jafnvægi milli manngerðs umhverfis og náttúru. Græn svæði í þéttbýli gegna mikilvægu hlutverki bæði fyrir náttúru og íbúa. Þau veita búsvæði fyrir fjölbreyttar lífverur, bæta loftgæði og styðja við andlega og líkamlega heilsu fólks. Því má segja að græn svæði séu ómissandi fyrir jafnvægi á milli borgarþróunar og náttúruverndar. Nauðsynlegt er að allar fyrirhugaðar breytingar á landnotkun taki tillit til þessara þátta.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við vinnslutillöguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur